

Fundargerð 150. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 13. janúar 2020, kl. 12.15, haldin á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946 Ásbrú, Reykjanesbæ.

Mættir: Ísak Ernir Kristinsson stjórnarformaður,
Steinunn Sigvaldadóttir, framkvæmdastjóri,
Elín Árnadóttir, í gegnum síma,
Reynir Sævarsson,
Ólafur Þór Ólafsson,
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Skipting verka stjórnar.*

Ísak Ernir stjórnarformaður bauð stjórnarmenn velkomna til starfa. Steinunn Sigvaldadóttir stakk upp á Ísaki Erni sem stjórnarformanni nýrrar stjórnar. Það var samþykkt.

2. *Ráðning framkvæmdastjóra.*

Stjórnarformaður óskaði eftir að ritari víki fundinn undir þessum lið sem hún gerði. Umræður.

3. *Önnur mál.*

a. *Fundartími stjórnar.*

Stjórnarformaður lagði til fundarröð fyrir nýja stjórn sem var samþykkt. Ritara stjórnar falið að senda út fundarboð.

b. *Starfsreglur stjórnar.*

Ný stjórn mun setja sér starfsreglur stjórnar. Unnið verður að þeim á næstunni og formanni gert að koma með tillögur.

c. *Þjónustusamningur við ríkið.*

Þarft er að klára þjónustusamning við ríkið vegna verkefnisins framundan. Steinunn tók að sér að stýra því verkefni fyrir hönd stjórnar og leggja drög að honum fyrir stjórn.

Engin önnur mál voru borin upp undir þessu lið.

Næsti fundur stjórnar verður í lok janúar 2020.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.20.

Ísak E. Kristinsson
Steinunn Sigvaldadóttir
Elín Árnadóttir
Reynir Sævarsson